

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (aðgerðir gegn kennitöluflakki), 815. mál.

Þann 19. maí sl. óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) um ofangreint frumvarp. Félagið lýsir yfir stuðningi við frumvarpið. Markmið frumvarpsins er að sporna við kennitöluflakki og vill félagið því ítreka tillögu sína um samhliða breytingu á 36. gr. laga nr. 75/1997 um sanningsveð.

Ákvæðið kemur í veg fyrir að seljendur hluta geti tekið veð í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þó kaupverð hafi ekki verið greitt og er svohljóðandi:

36. gr. *Hver verðmæti verða ekki sett að söluveði.*

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

Ákvæðið felur í sér að innflytjendur og heildsalar geta ekki gert eignarréttarfyrirvara varðandi vörur sem ætlaðar eru til endursölu. Sé litið til athugasemda í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 75/1997 virðist markmið ákvæðisins hafa verið að gæta jafnræðis almennra kröfuhafa og réttarvernd grandlausra kaupanda, m.a. neytenda. Ákvæðið hefur þó ekki girt fyrir það að aðrir kröfuhafar en innflytjendur og heildsalar geti fengið slíkar vörur veðsettar í formi allsherjarveðs. Afleiðingin hefur því iðulega verið sú að stórir kröfuhafar geta gengið að vörum sem innflytjendur og heildsalar hafa afhent kaupanda en ekki fengið greitt fyrir. Er þessari eignatilfærslu ítrekað beitt í aðdraganda gjaldþrota fyrirtækja þar sem fyrirtæki pantar vörur af innflytjanda eða heildsala skömmu fyrir þrot án þess að greiða fyrir þær, stærri kröfuhafar ganga að vörunum á grundvelli allsherjarveðs og selja vörurnar til sama aðila undir nýrri kennitölu. Er það mat félagsins að um óeðlilega færslu á eignarréttindum sé að ræða, sem auðveldi fyrirsvarsmönnum fyrirtækja að koma upp lager í nýju fyrirtæki.

Félagið hefur áður bent þingnefndum á þessa hvimleiðu stöðu og hlýtur tillagan að jafnaði góðar undirtektir án þess að málið fari lengra, sjá m.a. umsagnir félagsins við frumvarp til laga sem stemma stigu við kennitöluflakki (796. mál), dags. 2. og 14. maí 2019. Þá sendi félagið formlegt erindi til dómsmálaráðuneytisins 8. apríl sl. þar sem þess var óskað að málið yrði tekið til skoðunar, sjá **fskj. 1**.


Félagið leggur til eftirfarandi breytingu á lögum nr. 75/1997:

36. gr. *Takmarkanir á söluveði.*

Söluveð má stofna í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Slík söluveð halda ekki gagnvart almennum neytendum eða grandlausum þriðja aðila sem keypt hafa vöru í góðri trú.

Vilji þingið raunverulega stuðla að jafnræði kröfuhafa í samræmi við meginreglu gjaldþrotaskiptalaga og gera fyrirsvarsmönnum erfiðara um vik að hefja rekstur undir nýrri kennitölu hvetur félagið þingið til að bæta þessari tillögu við frumvarpið. Félagið telur sérstaklega brýnt að styrkja lagaákvæði gegn kennitöluflakki þar sem vegna efnahagskreppunnar í kjölfar heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar má ætla að mörg fyrirtæki verði sett í þrot.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags atvinnurekenda


Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur FA

Fylgiskjöl:

1. Erindi FA til dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. apríl 2020.

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsstötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2020

Efni: Beiðni um endurskoðun 36. gr. laga um samningsveð.

Vegna Covid-19 faraldursins sem nú geisar um heiminn og áhrifa hans á lífvænleika fyrirtækja í atvinnurekstri vill Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“ eða „félagið“) kalla eftir því að dómsmálaráðuneytið taki til skoðunar ákvæði 36. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

Ákvæðið fjallar um verðmæti sem ekki verða sett að söluveði og er svohljóðandi:

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þó kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

Ákvæðið felur í sér að innflytjendur og heildsalar geta ekki gert eignarréttarfyrirvara varðandi vörur sem ætlaðar eru til endursölu. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 75/1997 segir um ákvæðið:

„Þegar litið er til hagsmuna almennra kröfuhafa kaupanda og þeirra, sem í grandleysi öðlast rétt yfir hlutunum með samningi við kaupanda, verður að telja það varhugavert, að hægt sé að stofna söluveð í slíkum verðmætum. Um heimild kaupanda í þessum efnum fer eftir samningi aðila.“

Markmið ákvæðisins virðist því hafa verið að gæta jafnræðis almennra kröfuhafa og tryggja réttarvernd grandlausra kaupanda, m.a. neytenda. Ákvæðið hefur þó ekki girt fyrir að aðrir kröfuhafar en innflytjendur og heildsalar geti fengið slíkar vörur veðsettar í formi allsherjarveðs. Afleiðingin hefur því iðulega verið sú að stórir kröfuhafar geta gengið að vörum sem innflytjendur og heildsalar hafa afhent kaupanda en ekki fengið greitt fyrir. Er það mat félagsins að um óeðlilega færslu á eignarréttindum sé þar að ræða.

Félagið hefur margsinnis bent á framangreinda réttarstöðu sl. áratug, sjá m.a. **fskj. 1, 2, 3, 4, 5, 6** og **7**. Í viðbótarumsögn félagsins við frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, dags. 11. maí 2014, benti félagið m.a. á ósamræmi ákvæðisins við 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ESB frá 16. febrúar 2011 um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (hér eftir „tilskipunin“), sjá **fskj. 2**. Ákvæðið fjallar um áframhaldandi eignarhald seljanda og er svohljóðandi:

Aðildarríki skulu, í samræmi við gildandi ákvæði landslaga, sem eru sett á grundvelli alþjóðlegs einkamálaréttar, sjá til þess að seljandi hafi áfram eignarhald á viðkomandi vörum þar til greitt hefur verið fyrir þær að fullu ef kaupandi og seljandi hafa með ótvíræðum hætti samið um áframhaldandi eignarhald áður en vörurnar eru afhentar.

Er það mat félagsins að ákvæði 36. gr. laga nr. 75/1997 sé í trássi við framangreint ákvæði tilskipunarinnar. Í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, dags. 12. maí 2014, var tekið undir sjónarmið FA um þörf á


breytingu á 36. gr. laga nr. 75/1997, sjá **fskj. 3**. Eru nú liðin tæp 6 ár frá téðu nefndarálitinu án þess að nokkuð hafi verið aðhafst. Fundur var haldinn með ráðuneytinu í október 2015, þar sem kom fram að málið yrði skoðað með jákvæðum huga, en leiddi ekki til niðurstöðu. Vegna núverandi ástands í efnahagslífinu, þar sem gera má ráð fyrir að talsverður hópur fyrirtækja fari í þrot, er orðið enn brýnna en áður að úr áðurnefndum annmörkum á löggjöf sé leyst. Í ljósi þess fer félagið þess á leit við ráðuneytið að úr þessu verði bætt hið snarasta. Félagið leggur til eftirfarandi breytingartillögu:

36. gr. Takmarkanir á söluveði.

Söluveð má stofna í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Slík söluveð halda ekki gagnvart almennum neytendum eða grandlausum þriðju aðilum sem keypt hafa vöru í góðri trú.

Með þessari breytingu væri 36. gr. laga nr. 75/1997 til samræmis við 9. gr. tilskipunarinnar, innflytjendum og heildsölum gert unnt að tryggja hagsmuni sína og girt fyrir óeðlilega tilfærslu eigna til stærri kröfuhafa við gjaldþrot fyrirtækja.

Virðingarfyllst,



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur FA

Fylgiskjöl:

1. Samantekt á hugmyndum FA frá 2009, ódags.
2. Viðbótarathugasemdir FA um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, dags. 11. maí 2014.
3. Nefndarálit efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 12. maí 2014.
4. Umsögn FA um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, dags. 24. október 2014.
5. Tölvupóstur framkvæmdastjóra FA til Kristínar Haraldsdóttur, þáv. aðstoðarmanns innanríkisráðherra, 27. janúar 2015.
6. Tillögur FA um leiðir gegn kennitölflakki, úr [Breytum um stefnu - nýtum betur bjargráðin: Tólf tillögur til aðgerða - umbóta og vaxtar](#), Tillögur FA undir merkjum Falda aflsins, september 2013.
7. Umsögn FA um frumvarp til laga sem stemma stigu við kennitölflakki, dags. 2. maí 2019.

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á nokkrum hugmynda FÍS um einfaldar leiðir til að bæta lagaumgjörð um veðsetningar, gjaldþrot og skiptingu þrotabúa. Markmið þessara breytinga er að bæta viðskiptaöryggi og auka gegnsæi og jafnræði í viðskiptum. Um er að ræða stutta samantekt. Félagið mun veita frekari skýringa sé þess óskað.

1. Eignarréttarfyrirvarar:

Í lögum um samningsveð kemur fram eftirfarandi grein:

36. gr. *Hver verðmæti verða ekki sett að söluveði.*

Söluveð verður ekki stofnað í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu þótt kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þetta tekur þó ekki til þeirra tilvika þar sem heimilt er að selja hlut eftir að á honum hafa verið gerðar endurbætur eða þar sem um er að ræða fylgifé eða hluta aðalhlutarins.

Samkvæmt orðanna hljóðan er ekki hægt að gera eignarréttarfyrirvara í vöru sem á að selja áfram.¹ Markmið þessa ákvæðis er að hindra það að vara verði tekin af neytanda sem hefur keypt hana. Ákvæðið kemur hins vegar í veg fyrir að seljandi geti náð til sín ógreiddri vöru sem er enn hjá kaupanda áður en hún er seld til neytanda. Þetta er mjög óheppilegt og í ósamræmi við markmið umræddrar lagagreinar. Það er því ljóst að hér er ekki gætt meðalhófs enda gengur greinin lengra markmið ákvæðisins krefst.

Því er lögð til að greinin verði svohljóðandi:

36. gr. *Takmarkanir á söluveði.*

Söluveð má stofna í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Slík söluveð halda ekki gagnvart almennum neytendum eða grandlausum þriðja aðila sem keypt hafa vöru í góðri trú.

Með slíkri grein má ná ofangreindu markmiði án þess að raska hagsmunum seljanda vöru. Það er óneitanlega nokkuð ósanngjarnt að ógreiddar vörur séu teknar til skipta án þess að eigandi þeirra fái nokkuð fyrir þær greitt.

2. Sala eigna úr þrotabúi

Nokkuð hefur borið á því að eignir séu seldar útúr þrotabúum án þess að öðrum en kröfuhöfum og aðilum tengdum þrotamanni sé gefið færi á að gera tilboð í eignirnar. Með því að útiloka áhugasama bjóðendur er eftirspurn takmörkuð. Með því að takmarka eftirspurn er verð eigna óhjákvæmilega lækkað. Með því að lækka verð eru svo skertar líkurnar á því að kröfuhafar fái efndir á kröfum sínum og tjónið af þrotinu þeim mun meira.

¹ Vert er að benda á að skv. greinargerð er átt við vöru sem heimilt er að selja áfram en ekki talað um að „ætlað sé“ að selja hana áfram. Sbr: „Samkvæmt upphafsákvæði 36. gr. er ekki heimilt að stofna til söluveðs í hlutum, sem kaupandi hefur heimild til þess að selja áfram, endurselja, áður en hlutirnir eru að fullu greiddir seljanda“. Með hliðsjón af greinargerð virðist sem að eignarréttarfyrirvari sem bannar áframsölu vöru áður en hún er greidd sé leyfilegur.

Í lögum um gjaldþrotaskipti er eftirfarandi grein:

■ **123. gr.** Skiptastjóri skal, svo fljótt sem tök eru á eftir skipun sína, hefjast handa um ráðstöfun á þeim eignum og réttindum sem telja má sýnt að tilheyri þrotabúinu, enda þyki honum ekki hagkvæmara fyrir hagsmuni þess að ráðstöfun verði frestað um sinn. [...]

Engar almennar reglur er að finna í lögnum um ráðstöfun þeirra eigna sem tilheyra þrotabúinu. Slíkt getur verið óheppilegt. Lagt er því til að nokkrum málsgreinum verði bætt við 123. gr. gjaldaþrotalaga með það að markmiði að hámarka ábata búsins við ráðstöfun eigna. Þá er einnig lagt til að tekið verði af skarið um hverjir megi kaupa eignir af búinu. Markmið slíkrar reglu væri að koma í veg fyrir kennitölufلاك og undanskot eigna.

Fyrir ráðstöfun umtalsverðra eigna skal skiptastjóri birta auglýsingu í þeim miðli sem líklegur er að ná til áhugasamra kaupenda. Ákvæðið á ekki við ef veruleg hættu er á að hagsmunir fari til spillis ef sölu eigna er slegið á frest.

Í skýringum með slíku ákvæði mætti tiltaka frekar við hvaða viðmiðanir hugtakið *umtalsverðar eignir* miðar. Þá mætti einnig skýra markmið greinarinnar þ.e. að með því sé ætlunin að hámarka ábata þrotabúsins af sölu slíkra eigna með því að gefa sem flestum áhugasömum kaupendum færi á að fjárfesta í þeim.

3. Undanskot eigna

Nokkuð hefur borið á því að eignir séu seldar til aðila sem eru nákomnir þrotamanni og er þá oftast nær verið að koma þeim aftur í hendur þrotamanns. Hér er oft um að ræða ákveðin atvinnutæki sem gera þrotamanni kleift að halda áfram rekstri í gegnum þriðja aðila eða lepp, eftir að hafa skilið skuldir sínar eftir í þrotabúi sínu. Þetta verður að teljast nokkuð óheppileg staða. Því er lagt til að eftirfarandi málsgrein verði bætt við nefnda 123. gr. gjaldaþrotalaga:

Við ráðstöfun eigna þrotabúsins skal skiptastjóri forðast að selja eignir til þeirra sem eru nákomnir þrotamanni í skilningi 3. gr. Slíkt er þó heimilt eftir að eign hefur verið auglýst ef tilboð nákomins er verulega hagstæðara en önnur tilboð.

Með tilkomu slíkrar greinar væri verulega dregið úr hættunni á því að þrotamaður geti haldið áfram rekstri sínum undir nýrri kennitölu (kennitölufلاك) án þess að full greiðsla komi fyrir umræddar eignir.

4. Riftanlegar ráðstafanir – félagaréttarlegir gerningar

Í lögum um gjaldprotaskipti eru taldar upp ákveðnar ráðstafanir sem skiptastjóra er heimilt að rifta innan gefinna tímamarka. Markmið þessara reglna er að koma í veg fyrir að eignum sé komið undan skiptum með þeim hætti að það rýri möguleika kröfuhafa á því að fá fullnustu krafna sinna.

Flestir þeirra gerninga sem heimilt er að rifta eru nokkuð hefðbundnir og hafa viðgengist í viðskiptum aðila um áratugi. Nokkuð vantar hins vegar á að þær ráðstafanir sem taldar eru upp í lögnum endurspegli nýrri tegundir gerninga sem tíðkast hafa í nútíma viðskiptum. Má þar sem dæmi nefna félagaréttarlega gerninga eins og samruna og skiptingu félaga sem hafa tíðkast í mjög svo auknu mæli upp á síðkastið. Nokkuð hefur borið á því að aðilar reyni að koma eignum undan skiptum með því að skipta félögum eða renna þeim saman. Því er lagt til að eftirfarandi málsgreinum verði bætt inni 136. gr. laganna:

Ákvæði um riftun ná einnig til samruna og skiptingar félaga skv. lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Færa má fyrir því nokkuð sannfærandi rök að riftunarreglur gjaldprotalaga nái ekki til slíkra gerninga. Með þessu ákvæði væru tekin af öll tvímæli þar um. Þar með væri því komið í veg fyrir að þessir gerningar væru notaðir til að koma eignum undan skiptum.

5. Riftanlegar ráðstafanir – fjármálagerningar

Nokkuð hefur borið á því að félög og einstaklingar reyna að koma eignum undan með notkun fjármálagerninga. Er þar ekki um að ræða hreina fjármálagerninga sem slíka heldur gerninga sem hafa þann tilgang einan að færa réttindi og skyldur milli aðila í þeim tilgangi að koma þeim undan skiptum. Það er því engin áhætta eða óvissa í þeim fólgin og niðurstaða þeirra ávallt fyrirsjáanleg.² Af því tilefni er lögð fram tillaga að málsgrein sem kæmi sem viðbót við 136. gr.

Ákvæði um riftun ná einnig til fjármálagerninga sem eru óvenjulegir og í ósamræmi við viðtekna venju á því sviði. Má þar sér í lagi nefna fjármálagerningar sem eru óvenju hagstæðir eða óhagstæðir öðrum aðila þeirra og hafa þau óhjákvæmilegu áhrif að rýra réttindi búsins. Ákvæði þetta tekur ekki til viðurkenndra fjármálagerninga sem gerðir eru í lögmætum tilgangi.

Með þessu móti væri komið í veg fyrir að aðilar gætu t.d. gert með sér fjármálagerning sem hefur fyrirsjáanlega eða óhjákvæmilega niðurstöðu sem hefur þau áhrif að eignir eða kröfur hverfa úr búinu.

Um fjármálagerninga gilda sérstakar reglur þegar kemur að skiptum. Má þar nefna sem dæmi 40. og 41. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007:

² Þá er það einnig þekkt að aðilar geri með sér tvo gerninga sem geta leitt af sér tvær mismunandi niðurstöðu en beri einungis fyrir sig þann gerning sem er til þess fallinn að koma eignum undan skiptum en virði þann sem skilar hagsmunum í búið að vettugi.

■40. gr. *Skuldajöfnuður.*

Skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt afleiðu skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldprotaskipti, skal halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl.

■41. gr. *Tryggingarréttindi.*

Tryggingarréttindum sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður verður ekki rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl.

Í tillögunni hér að ofan er ekki ætlunin að hrófla við þeim lögmætu gerningum sem þessi ákvæði 40. og 41. gr. verðbréfavíðskiptalaga eiga við um. Tillögunum er einungis ætlað að ná til þeirra ólögmætu fjármálagerninga sem er ætlaður er sá tilgangur einn að koma eignum undan skiptum. Þess ber að geta að ákvæðið er ekki í ósamræmi við reglur Evrópusambandsins um fjármálagerninga. Ástæða þess er sú að þeir gerningar sem hafa ólögmætan tilgang eins og hér um ræðir uppfylla ekki hugtaksskilyrði þess að teljast fjármálagerningar skv. MiFid tilskipuninni og þ.a.l. ekki heldur skv. umræddum lögum um verðbréfavíðskipti.

6. Tilkynningar um veðsetningu

Í III kafla laga um samningsveð nr. 75/1997 er að finna ákvæði um veðsetningar á mismunandi tegundum af lausafé. Slík veðsetning fer fram með samningi þess efnis milli veðsala og veðhafa. Réttarvernd þess gernings er svo almennt háður þinglýsingu. Þess er hins vegar ekki krafist að veðsetningar séu tilkynntar með öðrum hætti hvort sem er beint til hagsmunaaðila eða í Lögbirtingarblaði.

Það gerist því oft að staða almennra kröfuhafa versnar þegar eignir skuldara eru veðsettar án vitundar kröfuhafans. FÍS telur að það sé óæskilegt að veðsali geti haldið öðrum kröfuhöfum en veðhafa grandlausum um ráðstafanir sínar.

FÍS telur að rétt væri að setja í lög in ákvæði um tilkynningarskyldu veðsala í atvinnurekstri. Þannig þyrfti aðili í atvinnurekstri að tilkynna kröfuhöfum sínum um ákveðnar veðsetningar. Í þeim tilgangi mætti bæta nýrri málsgrein við 21. gr. laganna:

■21. gr. *Meginregla um réttarvernd*

Um stofnun og réttarvernd samningsveðs í lausafé fer eftir ákvæðum laga þessara og eftir því sem ákveðið er í öðrum lögum.

Veðsetning aðila í atvinnurekstri skal þó ekki njóta réttarverndar fyrr en hún hefur verið tilkynnt þeim aðilum sem eiga hærri kröfur á viðkomandi aðila en sem nemur 1.000.000 kr. eða birt í Lögbirtingarblaðinu.

Ef tilkynning er ekki birt í Lögbirtingarblaði skal veðréttur ekki skráður fyrr en staðfestar tilkynningar skv. 2. mgr. eru lagðar fram auk lista yfir þá kröfuhafa sem tilgreindir eru í 2. mgr. staðfestum af endurskoðanda.

Með þessu móti verður veðsetning ekki skráð í þinglýsingarbók fyrr en eftir að kröfuhafar hafa verið upplýstir um viðkomandi veðsetningu. Þar með verða kröfuhafar ekki grandlausir um betri rétt annarra í eignir skuldara og geta þ.a.l. gert viðeigandi ráðstafanir ef svo ber undir.

7. Annað

FÍS vonar að þessar ábendingar um einfaldar leiðir til að bæta í göt í íslenskri viðskiptalöggjöf komi að gagni. Að mati félagsins er gríðarlega mikilvægt að tafarlaust sé unnin bragarbót á þeim vanköntum sem bent er á, sér í lagi í ljósi þess óróa tíma sem framundan er. Heiðarleiki og sanngirni í viðskiptum krefst þess að lagaumgjörð sé vönduð og ígrunduð. Sé það ætlunin að stuðla að bættu viðskiptasiðferði er því óumflýjanlegt að gera breytingar hér á.

Félagið lýsir sig reiðubúið til samstarfs um allar aðgerðir sem miða að því að bæta íslenskt viðskiptaumhverfi og bíður stjórnvöldum, nú sem endranær, krafta sína á þeim vettvangi.

Virðingarfyllt

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna



– fyrir íslenska verslun

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. maí 2014

Efni: Viðbótarathugasemdir við frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, þskj. 633 – 338. mál

Þann 9. apríl 2014 sendi Félag atvinnurekenda (FA) umsögn um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum þar sem fagnað var setningu laganna og talið mikilvægt að það yrði að lögum. Fulltrúi FA, undirrituð, mætti á fundi efnahags – og viðskiptanefndar þar sem upp komu áhugaverð álitafni í tengslum við umrætt frumvarp og því taldi FA mikilvægt að koma á framfæri frekari athugasemdum sínum við frumvarpið. Þær athugasemdir verða útlistaðar hér að neðan.

I. Eignarréttarfyrirvari – þörf á lagabreytingu

Í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/EB er að finna ákvæði þar sem aðildarríkjum er gert tryggja að „seljandi hafi áfram eignarhald á viðkomandi vörum þar til greitt hefur verið fyrir þær að fullu ef kaupandi og seljandi hafi með ótvíræðum hætti samið um áframhaldandi eignarhald áður en vörurnar eru afhentar.“ Ekki er að finna sambærilegt ákvæði í fyrirbyggjandi frumvarpi og telur FA að bæta þurfi úr því.

Ein forsenda þess að fyrirtæki geti samið með þeim hætti að veittir séu greiðslufrestir á endurgjaldi fyrir þegar afhenta vöru er að unnt sé að tryggja að varan sé þeirra eign þar til endurgjaldið hefur verið greitt að fullu. Þetta hefur verið þekkt fyrirbæri í íslensku viðskiptalífi að fyrirtæki setji svokallaðan eignarréttarfyrirvara, þar sem kveðið er á um að vara teljist þeirra eign þar til kaupverðið hefur verið að fullu greitt. Staðan hefur hins vegar verið sú að slíkir fyrirvarar hafa ekki haldið þegar varan er ætluð til endursölu og skuldari fer í gjaldþrot enda er lagt bann við slíkri veðsetningu í 36. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð. Hafa fyrirtæki því þurft að sæta því að verða af vörum sínum, sem eru ennþá óseldar á vörlager hins gjaldþrota fyrirtækis, og þurfa þess í stað að lýsa almennri kröfu í búid sem sjaldnast fæst greidd að fullu.

FA telur að það sé meginforsenda þess að fyrirtæki treysti sér til að veita almenna greiðslufresti í samræmi við fyrirbyggjandi frumvarp að tryggt sé að seld vara teljist þeirra eign þar til hún hefur verið seld þriðja aðila og/eda þegar hún hefur verið að fullu greidd. **Félag atvinnurekenda leggur því til að í fyrirbyggjandi frumvarpi verði lögð til breyting á 36. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð þar sem heimilad verður söluveð í hlutum ætludum til endursölu en slíkt veð haldi ekki gagnvart neytendum og grandlausum þriðja aðila.**

II. Greiðsluáætlun – mikilvæg fyrir minni fyrirtæki

Meginreglan í íslenskum samningarétti er sú að samningsaðilar hafa sjálfval um það hvort samið sé, við hvern og um hvað. Hægt er að takmarka það samningsfrelsi með lögum og er fyrirhugað að gera það með umræddu frumvarpi, þ.e. takmarka heimild fyrirtækja til að semja um greiðslufresti. Takmörkunin byggist þó á málefnalegum sjónarmiðum og gengur líklega ekki lengra en þörf krefur til að ná því lögmæta markmiði sem stefnt er að. Ein ástæða þess að frumvarpið er innan heimildar til takmörkunar á samningsfrelsi er að gert er ráð fyrir að heimilt sé að víkja frá meginreglunni um 30 daga greiðslufrest ef gerð er greiðsluáætlun. Þannig er fyrirtækjum heimilt að semja sín á milli um dreifingu greiðslna yfir ákveðinn tíma. Telur FA mikilvægt að þetta ákvæði sé inni í frumvarpinu, sérstaklega til að hagsbóta fyrir minni fyrirtæki sem þurfa að hafa svigrúm til fjármagna sig til lengri tíma en eins mánaðar í senn.

Staðan er hins vegar sú að þessi möguleiki á greiðsluáætlun getur dregið úr skilvirkni laganna og opnað á möguleika til greiðsludreifingar, til tjóns fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Geta stór fyrirtæki og enn fremur opinberir aðilar þannig knúið fram þann samningsskilmála að ávallt sé miðað við greiðslu með greiðsluáætlun. Telur FA það varhugavert og að mögulega sé núverandi 5. gr. frumvarpsins of almenn í því skyni. Vegna stöðu opinberra aðila, sem hefur oft á tíðum mikinn kaupendastyrk á markaðnum og enn fremur lítur oft ekki sömu markaðslögmálum og einkarekin fyrirtæki, þá telur FA mikilvægt að heimildir opinberra aðila til að semja um greiðsluáætlanir, sér til handa, séu takmarkaðri en almennra fyrirtækja á markaðnum. **Telur því FA mikilvægt að takmarka heimildina í 5. gr. frumvarpsins við viðskipti á milli einkarekinna fyrirtækja og undanskilja því opinbera aðila frá þessum valmöguleika.**

III. Annað

Að framangreindum athugasemdum undanskildum ítrekar FA ánægju sína með umrætt frumvarp og mælir með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,


f.h. Félag atvinnurekenda



Fyrri ræða

144. löggjafarþing — 53. fundur, 20. jan. 2015.

Greiðsludráttur í verslunarviðskiptum.

8. mál

[15:15] **Horfa****Frsm. efh.- og viðskn. (Willum Þór Þórsson) (F):**

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti hv. efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum. Nefndarálitið er að finna á þskj. 587, mál nr. 8. Nefndin hefur nú haft málið til umfjöllunar öðru sinni og bárust umsagnir í seinna skiptið frá tveimur aðilum, Félagi atvinnurekenda og Motus ehf. Frumvarpið var lagt fram í fyrra sinn á liðnu ári á Alþingi, á 143. löggjafarþingi, á þskj. 633, mál nr. 338. Þá var því vísað til hv. efnahags- og viðskiptanefndar sem tók það til efnislegrar meðferðar og óskaði skriflegra umsagna. Þá bárust umsagnir um málið frá Samtökum atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Alþýðusambandi Íslands og Félagi atvinnurekenda. Nefndin afgreiddi málið með nefndaráliti til 2. umr. þann 12. maí 2014 á þskj. 1109. Í því nefndaráliti voru gerðar nokkrar athugasemdir við frumvarpið eins og það lá þá fyrir og lagðar fram breytingartillögur. Í því áliti segir meðal annars:

„Gerð var athugasemd við skýrleika 2. mgr. 4. gr. þar sem kveðið er á um að mögulegt sé að framlengja greiðslufrest. Bent var á að ákveðin hættu væri á að 2. málsl. 2. mgr. „Slík framlenging má þó ekki verða lengri en 60 almanaksdagar“ verði misskilinn á þann veg að um sé að ræða framlengingu um 60 daga frá 30 daga frestinum. Nefndin tekur undir þau sjónarmið að hættu sé á mistúlkun 2. málsl. 2. mgr. og leggur til að orðalagi greinarinnar verði breytt á þann veg að ljóst sé að greiðslufrestur geti ekki orðið lengri en 60 dagar.“

Hljóðar málgreinin nú svo í frumvarpinu, með leyfi forseta:

„Mögulegt er að framlengja greiðslufrestinn í 1. mgr. ef slíkt kemur skýrt fram í samningi og slík framlenging er rökstudd á hlutlægan hátt í ljósi sérstakra eiginleika eða þátta samningsins. Greiðslufrestur getur þó ekki orðið lengri en 60 almanaksdagar.“

Kjarninn er kannski í síðustu setningunni, að greiðslufrestur geti þó ekki orðið lengri en 60 almanaksdagar.

Í fyrrgreindu áliti komu einnig fram athugasemdir við 5. gr. frumvarpsins þess efnis að ekki væri nægilega skýrt hvernig skýra ætti greinina með hliðsjón af meginreglum um greiðslufrest í 3. og 4. gr. frumvarpsins. Nefndin leggur áherslu á þann skilning að hér sé verið að vísa greiðsluferli í farveg greiðsluáætlana fremur en greiðsludráttar. Kemur það skýrt fram í ákvæði 5. gr. frumvarpsins sem hljóðar nú svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. er aðilum í verslunarviðskiptum heimilt að semja um afborganir með greiðsluáætlun.“ — Þar með er verið að vísa því í slíkan farveg greiðsluáætlunar fremur en greiðsludráttar.

Enn fremur segir í álitinu að í 6. gr. frumvarpsins sé heimild til þess að fara fram á sérstakar innheimtubætur að fjárhæð 6.700 kr. eða fjárhæð sem ekki er lægri en sem svarar 40 evrum, þ.e. í upphaflega frumvarpinu var kveðið á um 40 evrur miðað við opinbert viðmiðunargengi evru á hverjum tíma. Nefndin tók undir þá gagnrýni sem fram kom á 6. gr. frumvarpsins — nú er ég enn að vísa í fyrra álit — að tilgreina viðmiðunar fjárhæð innheimtubóta í erlendum gjaldmiðli eins og lagt var til í frumvarpinu og telur það ekki rétta þróun í lagasmíð. Nefndin taldi þannig rétt að notast við lögbundinn gjaldmiðil Íslands eins og nú væri gert ráð fyrir í 6. gr. frumvarpsins.

Að athuguðu máli telur nefndin að brugðist hafi verið við þeim athugasemdum sem nefndin gerði við frumvarpið þegar það var síðast lagt fram. Gerðar hafa verið breytingar til samræmis við þær tillögur sem nefndin lagði til í nefndarálitinu sínu sl. vor. Þá hafa því til viðbótar verið gerðar orðalagsbreytingar á 7. gr. þar sem þýðing orðalags úr frumtexta tilskipunar Evrópusambandsins frá 16. febrúar 2011 þótti ekki nægilega nákvæm. Í frumtexta er notast við orðið „excluded“ og með leyfi forseta ætla ég að bera það hér fram en í íslensku þýðingunni var stuðst við íslensku orðin „takmarka eða útiloka“, þ.e. bæði. Þessu hefur nú verið breytt í að notast við orðið „útiloka“.

Hljóðar fyrsta setning 7. gr. því svo eftir breytingu:

„Ákvæði í samningi sem lög þessi taka til og útiloka dráttarvexti við greiðsludrátt skulu teljast bersýnilega ósanngjarnir samningsskilmálar.“

Í þessu tilfelli var tekinn af allur vafi um það og um merkingu orðsins.

Í þeim umsögnum sem bárust um málið og ég vitnaði til í upphafi, þ.e. frá Félagi atvinnurekenda og Motus ehf., var annars vegar vakin athygli á því að brýnt er að gerðar verði breytingar á 36. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, sem girðir fyrir það að fyrirtæki setji eignarréttarfyrirvara á vörur sem ætlaðar eru til endursölu. Í því samhengi var vísað í að í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá 2011 væri að finna ákvæði um gildi svokallaðra eignarréttarfyrirvara í verslunarviðskiptum og sú skoðun látin í ljós að þarft væri að innleiða hana í íslenskan rétt. Nefndin tók afstöðu til þessa sjónarmiðs við afgreiðslu málsins í vor og áréttar hér þann skilning sem fram kom í nefndarálitinu þá. Fjallað er um slíka eignarréttarfyrirvara í lögum um samningsveð. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar felur hins vegar í sér tillögu um fyrirkomulag heildarlaga um greiðsludrátt á tilteknu sviði verslunarviðskipta sem heyrir undir atvinnuvegaráðuneytið. Það var því mat nefndarinnar að rétt væri að beina því til innanríkisráðuneytisins á hvers forræði samningsveðin eru að taka athugasemdina til nánari skoðunar í samhengi við endurskoðun ákvæða laga um samningsveð.

Þá var í þetta seinna sinn sem hv. efnahags- og viðskiptanefnd hafði þetta mál til umfjöllunar gerð athugasemd við 6. gr. frumvarpsins sem snýr að innheimtubótum og frádrætti þeirra frá innheimtukostnaði samkvæmt innheimtulögum eða kostnaði við löginheimtu. Í álitu nefndarinnar frá því í vor kemur fram að nefndin taldi mikilvægt að skýrt kæmi fram í 6. gr. frumvarpsins að innheimtubætur skyldu ávallt koma til frádráttar innheimtukostnaði en ekki að þær gæti komið til frádráttar eins og skilja mátti af þáverandi orðalagi 2. mgr. 6. gr. en gerði nefndin tillögu að breytingu í þá veru í vor sem var brugðist við. Að athuguðu máli þótti ekki ástæða til að breyta því og meðal annars má benda á að Norðmenn hafa farið sömu leið í túlkun sinni við innleiðingu tilskipunarinnar.

Nefndin telur því að frumvarpið með þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá því að það var síðast á borði hennar sé til þess fallið að styrkja verslunarviðskipti milli fyrirtækja og stofnana með því að reglur um greiðslufresti verði skýrari og úrræði kröfuhafa til þess að innheimta eða fá greiðslu aukin eða hert. Í ljósi þessa leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Undir nefndarálitinu rituðu eftirtaldir hv. þingmenn og nefndarmenn hv. efnahags- og viðskiptanefndar á Alþingi þann 24. nóvember 2014: Frosti Sigurjónsson formaður, Willum Þór Þórsson framsögumaður, Pétur H. Blöndal, Árni Páll Árnason, með fyrirvara, Guðmundur Steingrímsson, Líneik Anna Sævarsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, með fyrirvara, og Vilhjálmur Bjarnason.

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2014


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum, þskj. 8 - 8. mál

Vísað er til frumvarps til laga um greiðsludrátt í verslunarviðskiptum sem lagt var fyrir Alþingi þann 9. september 2014, sbr. þingskjal nr. 8. Umrætt frumvarp var fyrst lagt fram þann 2. febrúar 2014 en hlaut ekki lokaafgreiðslu á síðasta þingi. Félag atvinnurekenda (FA) fagnaði tilkomu þessa frumvarps fyrr á árinu en gerði þó tillögu að tveimur breytingum á frumvarpinu, sjá fylgiskjal við umsögn þessa. Vísar FA til fyrri athugasemda félagsins við frumvarpið og telur mikilvægt að komið sé til móts við þær við meðferð frumvarpsins að þessu sinni.

FA telur brýnt að gerðar verði breytingar á 36. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997 sem girðir fyrir það að fyrirtæki setji eignarréttarfyrrvara á vörur sem eru ætlaðar til endursölu. Er það einfaldlega forsenda þess að fyrirtæki treysti sér að veita greiðslufresti á vörum sínum að eignarréttarfyrrvarar, sem tíðkast víða í atvinnulífinu, haldi. Standi til að bæta úr því réttarumhverfi sem lýtur að greiðslufrestum þarf óhjákvæmilega að bæta úr þeim annmarka sem er á núgildandi lögum sem lúta að söluveði á vörum ætludum til endursölu. Löggjafinn hefur með núgildandi löggjöf einfaldlega girt fyrir möguleika fyrirtækja, sem veita greiðslufresti í starfsemi sinni, að takmarka tjón sitt, sem hlýst af vanefndum gagnaðila eða greiðsluþroti, með því að sækja af lager gagnaðila vörur seldar á grundvelli svokallaðs eignarréttarfyrrvara.

Auk framangreinds áskilur FA sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reidubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,


Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur

Subject: FW: Eignarréttarfyrrvari
Date: Wednesday 8 April 2020 at 15 h 32 min 34 s Greenwich Mean Time
From: Guðný Hjaltadóttir
To: Guðný Hjaltadóttir
Attachments: pastedGraphic.png

Begin forwarded message:

From: Ólafur Stephensen <olafur@atvinnurekendur.is>
Subject: Eignarréttarfyrrvari
Date: 27 January 2015 at 17:38:15 GMT
To: "kristin.haraldsdottir@irr.is" <kristin.haraldsdottir@irr.is>
Cc: Björg Ásta Þórðardóttir <bjorg@msr.is>

Blessuð og sæl og takk fyrir spjallið í símann áðan.

Svo ég skýri málið aðeins betur, snýst það um eignarréttarfyrrvara á vörum, sem ætlaðar eru til endursölu. Þetta er brýnt hagsmunamál innflytjenda og heildsala, sem verða oft fyrir verulegu tjóni við gjaldþrot fyrirtækja vegna þess að eignarhald þeirra á vörum, sem hafa verið afhentar en kaupandinn hefur ekki greitt, er ekki tryggt. Hér má sjá tillögur FA í þessu efni, sem settar voru fram undir merkjum Falda aflsins:

<http://www.atvinnurekendur.is/UmFA/BarattumalFAideiglunni/Faldaaflid12tillogurFA/Kennitoluflakk/>

Í umsögn FA um frumvarp um greiðsludrátt í verzlunarviðskiptum var bent á samhengið við lög um samningsveð og lagt til að gerðar yrðu breytingar á 36. grein síðarnefndu greinarinnar, sem girðir fyrir að fyrirtæki setji eignarréttarfyrrvara á vörur sem eru ætlaðar til endursölu. Slík breyting væri einfaldlega forsenda fyrir því að fyrirtæki treystu sér til að veita greiðslufrest á vörum sínum. Hér má sjá umsögn FA í heild:

http://www.atvinnurekendur.is/media/PDF/Umsogn_FA_um_mal_nr_8_greiðsludrattur_i_verzlunarviðskiptum.pdf

Efnahags- og viðskiptanefnd tók mark á þessum ábendingum, eins og fram kom þegar Willum Þór Þórsson mælti fyrir nefndaráliti um málið á Alþingi í síðustu viku: „Í þeim umsögnum sem bárust um málið og ég vitnaði til í upphafi, þ.e. frá **Félagi atvinnurekenda** og Motus ehf., var annars vegar vakin athygli á því að brýnt er að gerðar verði breytingar á 36. gr. laga um samningsveð, nr. 75/1997, sem girðir fyrir það að fyrirtæki setji eignarréttarfyrrvara á vörur sem ætlaðar eru til endursölu. Í því samhengi var vísað í að í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins frá 2011 væri að finna ákvæði um gildi svokallaðra eignarréttarfyrrvara í verzlunarviðskiptum og sú skoðun látin í ljós að þarft væri að innleiða hana í íslenskan rétt. Nefndin tók afstöðu til þessa sjónarmiðs við afgreiðslu málsins sl. vor og áréttar hér þann skilning sem fram kom í nefndaráliti þá. Fjallað er um slíka eignarréttarfyrrvara í lögum um samningsveð. Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar felur hins vegar í sér tillögu um fyrirkomulag heildarlaga um greiðsludrátt á tilteknu sviði verzlunarviðskipta sem heyrir undir atvinnuvegaráðuneytið. Það var því mat nefndarinnar að rétt væri að beina því til innanríkisráðuneytisins á hvers forræði samningsveðin eru að taka athugasemdir til nánari skoðunar í samhengi við endurskoðun ákvæða laga um samningsveð.“

Sjá betur ræðu Willums hérna: <http://www.althingi.is/altext/raeda/144/rad20150120T151531.html> og nefndarálitið hérna: <http://www.althingi.is/altext/144/s/0587.html>

Í nefndarálitinu sem Willum vísar til, frá því í vor, segir um þetta: „Fyrir nefndinni var vísað til þess að í 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/7/ EB væri að finna ákvæði um gildi svokallaðra eignarréttarfyrrvara í verzlunarviðskiptum og sú skoðun látin í ljós að þarft væri að innleiða hana í íslenskan rétt. Skilningur nefndarinnar er að fjallað sé um slíka fyrrvara í 36. gr. laga um samningsveð. Frumvarpið felur hins vegar í sér tillögu um fyrirkomulag heildarlaga um greiðsludrátt á tilteknu sviði. Var það mat nefndarinnar að taka þyrfti athugasemdir til nánari skoðunar í samhengi við endurskoðun ákvæða laga um samningsveð.“

Sjá hér: <http://www.althingi.is/altext/143/s/1109.html>

Við vonum að ráðuneytið taki ábendingu þingsins vel. Við Björg Ásta Þórðardóttir, lögfræðingur hjá FA, erum tilbúin til skrafs og ráðagerða ef vilji er í ráðuneytinu til að skoða þetta mikilvæga mál.

Kær kveðja,

Ólafur Stephensen

Framkvæmdastjóri/Secretary General

Félag atvinnurekenda
The Icelandic Federation of Trade

Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7,
103 Reykjavík,

Sími | Phone: +354 588 8910
Farsími | Mobile: +354 669 1218
olafur@atvinnurekendir.is
www.atvinnurekendir.is



Heim » Leiðir gegn kennitölflakki

Leiðir gegn kennitölflakki

Burðarafi Íslands er falið í krafti fyrirtækja sem teljast minni og meðalstór

Breytum um stefnu - nýtum betur bjargráðin



Markvissar leiðir gegn kennitölflakki

Tillaga:

Breyta lögum nr. 75/1997 um samningsveð:

√21. gr. laganna á þá leið að skylt er að tilkynna kröfuhöfum sínum, sem eiga kröfur hærrí en 1.000.000 króna, um tilteknar veðsetningar, t.d. ef tekin eru allsherjarveð í eignum skuldans. Jafnframt er viðkomandi skylt að tilkynna viðsemjendum sínum þegar veð er gert í vörubirgðum þeirra veðsala enda sé þar að finna ógreiddar vörur viðsemjenda.

√36. gr. laganna á þann veg að heimila söluveð í hlutum ætluðum til endursölu en slíkt veð haldi ekki gagnvart neytendum og grandlausum þriðja aðila.

- Kennitölflakk felst í því að stofnað er til skuldbindinga í nafni félags sem verður síðar gjaldþrota og rekstur þess er síðan fluttur í nýtt félag en skuldir þess og aðrar skuldbindingar verða eftir í hinu gjaldþrota félagi.
- Breyta verður lögum á þann veg að tryggja að ógreiddar vörur, sem eru á lager gjaldþrota félags, renni aftur til þeirra sem þær eiga.
- Skoða þarf hvort innleiða þurfi persónulega ábyrgð

- Peir sem eiga kröfur á hið gjaldþrota félag eða vörur á lager þeirra tapa oft öllu sínu.
- Stærri aðilar eiga auðveldara um vik við að tryggja stöðu sína t.d. með veðum og öðrum tryggingarráðstöfunum. Þá gerir hið nýja félag oft upp skuldir þess eldra við stærri aðila til að geta átt viðskipti við þá í nýja félaginu.
- Smærri fyrirtæki tapa of miklum fjármunum við gjaldþrot annarra fyrirtækja. Tjón smærri fyrirtækja er, eðli málsins samkvæmt, oft hlutfallslega stórt m.v. tjón þeirra sem stærri eru.
- Tjóns eins stórs félags getur dregið með sér fjöldann allan af smærri aðilum með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.

12 tillögur Félags atvinnurekenda eru eftirfarandi:

Eignarhald banka

1 **fellda árið**

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Fjármögnunarleiðir fyrir fyrirtækja

2 **fellda árið**

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Leiðir gegn kennitöluflakki

3 **fellda árið**

FÉLAG ATVINNUREKENDA

Lækkun tryggingagjalds

Afnám verndartolla í

Opinber innkaup

Lækkun tryggingagjalds

Þessi er leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

4. fakda árið

landbúnaði

Leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

vám vemdartolla í landbúnaði

5. fakda árið

Auldri skilvirkni í innkaupum hins opinbera

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

6. fakda árið

Samkeppnismál

Leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

Skilvirkari afgreiðsla samkeppnismála

7. fakda árið

Eðileg verðmyndun í sjávarútvegi

Leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

Ílleg verðmyndun í sjávarútvi

8. fakda árið

Endurskoðun ársreikninga

Leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

Samgæmi kröfur til endurskoðunar ársreikninga minni aðila

9. fakda árið

Eftirlitsgjöld stofnana

Leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

Eftirlitsgjöld byggja á þeirri vinnu sem unnin er

10. fakda árið

Einföldun álagningar virðisaukaskatts

Leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

Einföldun álagningar virðisaukaskatts

11. fakda árið

Birting ársreikninga

Leiðir gegn kennitoluflakki sem hefur verið samþykkt af stjórnunni.

Þessi leiðir gegn kennitoluflakki eru í gildi frá 1. janúar 2020.

Skýrri reglur um opinbera birtingu ársreikninga

12. fakda árið

Lögfræðipjónusta

- Tollmál
- Opinber innkaup
- Samningaréttur
- Vinnurettur
- Kjaresamningar
- Héfa samband

Hópastarf

- Áfengi
- Fæðubótar- og heilsuvörur
- Ferilbrigðisvörur
- Matvörur
- Æðardunn

Félag atvinnurekenda

- Hvað er FA?
- Ávinningur fyrir félagsmenn
- Verðu hluti af FA
- Samstarfsfélög
- Félagatal
- Fréttir

Áhugaverðir tenglar

- VR
- Lífeyrissjóður verzlunamanna
- Landssamband verzlunamanna
- Rafliðnaðarsamband
- Víðskiptaráð Íslands

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (misnotkun á félagiformi og hæfisskilyrði), 796. mál.

Þann 12. apríl sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) um ofangreint frumvarp.

Tilgangur frumvarpsins er að stemma stigu við misnotkun á hlutafélagiforminu og kennitölufлакki í atvinnurekstri. Það skal gert með þrennum hætti samkvæmt frumvarpinu; í fyrsta lagi með breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, þannig að hert verði á hæfisskilyrðum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra slíkra félaga og stofnana, sem og útibússtjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga. Einnig er lagt til að sambærileg skilyrði og gilda um stjórnarmenn hlutafélaga og einkahlutafélaga gildi einnig um þá sem fengið hafa prókúruumboð í slíkum félögum og stofnunum. Í öðru lagi með því að heimild ráðherra samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, til að krefjast skipta á búi slíkra félaga, verði færð til hlutafélagaskrár. Í þriðja lagi með því að hægt verði að úrskurða einstaklinga í atvinnurekstrarbann í allt að þrjú ár með dómi hafi viðkomandi gerst sekur um brot sem varða við 262. gr. almennra hegningarlaga. Má þetta teljast veigamesta tillaga frumvarpsins.

FA lýsir yfir stuðningi við markmið frumvarpsins, enda er kennitöluflack alvarleg meinsemd í íslensku atvinnulífi. FA telur þá leið, sem hér er lögð til í því skyni að sporna gegn misnotkun hlutafélagiformsins skynsamlegri og síður íþyngjandi en tillögur fyrri frumvarpa, sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, um að stofnendur eða fyrirsvarsmenn félaga megi ekki hafa verið í forsvari fyrir félög sem orðið hafi gjaldþrota. FA hefur talið að sú leið takmarki rétt manna til að stofna félög, sitja í stjórnnum eða gegna starfi framkvæmdastjóra með of almennum hætti.

Tillögur frumvarpsins eru hæfilega sértækar og stuðla að því að bann við stofnun félags, að sitja í stjórn þess eða hafa framkvæmdastjórn með höndum, nái ekki til annarra en þeirra sem hafa hlotið dóm vegna meiriháttar brots á lögum um tekjuskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald, virðisaukaskatt, bókhald, ársreikninga og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í 2. gr., 5. gr. og 8. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir orðinu „gjaldþrot“ í ákvæðum 1. mgr. 66. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, 1. mgr. 42. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og 1. mgr. 15. gr. laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999 komi: „skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða“ og á eftir orðinu „gjöld“ í framangreindum ákvæðum komi: „svo sem lögum um tekjuskatt, virðisaukaskatt og tryggingagjald.“ Þannig taki hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra hlutafélaga, einkahlutafélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur einnig til dóma sem einstaklingur hefur hlotið í tengslum við brot gegn lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hnykkt verði á því að lög um tekjuskatt, lög um virðisaukaskatt og lög um tryggingagjald séu meðal þeirra lagahálka sem framangreind ákvæði taka til. Í greinargerð

frumvarpsins segir enn fremur: „Rétt er í þessu sambandi að taka fram að þegar rætt er um lög um opinber gjöld getur verið um að ræða aðra lagabálka svo sem tollalög.“ FA telur þetta geta opnað á ágreining um til hvaða lagabálka tilvitnuð ákvæði taka, þá sérstaklega með vísan til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, og leggur til að í ákvæðunum komi fram með tæmandi hætti hvaða lagabálkar falli þar undir.

FA hvetur að öðru leyti til þess að frumvarpið verði samþykkt. Félagið er jafnframt sammála því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins að breytingar þurfi að gera á lögum um gjaldþrotaskipti til fyllingar tillögðum breytingum frumvarpsins.

Þar sem markmiðið um að sporna gegn kennitöluflakki er hér til umræðu, vill FA enn og aftur vekja athygli á nauðsyn þess að gera breytingu á 36. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997, en ákvæðið kemur í veg fyrir að fyrirtæki geti stofnað söluveð í hlutum sem ætlaðir eru til endursölu. Þetta er brýnt hagsmunamál innflytjenda og heildsala, sem verða oft fyrir verulegu tjóni við gjaldþrot fyrirtækja vegna þess að eignarhald þeirra á vörum, sem hafa verið afhentar en ekki greiddar, er ekki tryggt. Tjón fyrirtækjanna er iðulega hlutfallslega mikið samanborðið við tjón stærri kröfuhafa og kann að hafa áhrif á fjöldann allan af smærri fyrirtækjum með tilheyrandi samfélagslegu tjóni. Í baráttunni gegn kennitöluflakki er brýn þörf á að taka á þessu máli.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags atvinnurekenda


Guðny Hjaltadóttir, lögfr.